
Flutningur á 140.000 m³ efni til landmótunar á Keflavíkurflugvelli

Ákvörðun um matsskyldu

Inngangur

Þann 13. mars 2017 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Isavia ohf. um fyrirhugaða flutninga á 140.000 m³ efni til landmótunar á Keflavíkurflugvelli, í Reykjanesbæ samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.03 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Reykjanesbæjar, Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Samgöngustofu, skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar og Umhverfisstofnunar.

Gögn lögð fram

Tilkynning: Flutningur á 140.000 m³ efni til landmótunar á Keflavíkur- flugvelli. Matsskyldufyrirspurn. Isavia og VSÓ Ráðgjöf, janúar 2017.

Umsagnir bárust frá:

- Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags. 7. apríl 2017
- Reykjanesbæ með bréfi dags. 26. apríl 2017
- Samgöngustofu með bréfi dags. 3. apríl 2017
- Sandgerðisbæ með bréfi dags. 10. apríl 2017
- Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar með bréfi dags. 3. apríl 2017
- Sveitarfélaginu Garði með bréfi dags. 10. apríl 2017
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 28. mars 2017

Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdin feli í sér landmótun með jarðvegi sem falli til vegna stækkunar flughlaðs á Keflavíkurflugvelli. Landmótunarsvæðið sé raskað af völdum flugbrautarmannvirkja og annarrar flugvallarstarfsemi og sé fyrst og fremst skilgreint sem öryggissvæði flugbrauta. Um er að ræða tvö landmótunarsvæði við norðausturhluta flugbrautanna um 40 og um 8 ha á stærð.

Fram kemur að í tengslum við stækkun á flughlaðinu hafi verið grafnar 68 könnunargryfjur að meðaldýpt um 1,3 m. Tekin hafi verið tvö jarðvegssýni til mælinga á PCB-efnum, en ekki þótti ástæða til að taka sýni til greiningar á heildarstyrk olíuefna þar sem ekki hafi fundist olíulykt við sýnatöku. Sýni hafi verið send til Háskóla Íslands til mælinga á heildarmagni PCB-efna, en engin PCB-efni greindust í sýnunum. Á framkvæmdatíma sé gert ráð fyrir talsverðri umferð vörubíla og annarra vinnutækja til og frá efnislosunarsvæðum. Gert sé ráð fyrir að framkvæmdatími verði eitt ár og er reiknað með efnisflutningum 6 daga vikunnar og um 28 bílferðum á dag. Á meðan á framkvæmdum stendur verður umferð beint á veg umhverfis flugbrautirnar svo tryggja megi að ekki sé hætt á að umferð vinnutækja þveri taxi-brautir eða flugbrautir.



Umhverfisáhrif

Í greinargerð Isavia er fjallað um áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á nokkra umhverfisþætti.

Fram kemur að landmótunarsvæðin séu ekki á viðkvæmu svæði eða svæði með verndargildi vegna jarðfræði eða jarðminja. Landmótun muni fara fram á röskuðu svæði og eru áhrif á jarðminjar staðbundin og að einhverju leyti afturkræf og því metin óveruleg. Fram kemur að samkvæmt mælingum Háskóla Íslands sé jarðvegurinn ómengaður og sé því ekki líklegur til að valda mengun í grunnvatni. Fram kemur að flutningur efnis að landmótunarsvæðum kunni að hafa staðbundin og tímabundin áhrif á loftgæði vegna mögulegs foks fínefna. Til að draga úr neikvæðum áhrifum á loftgæði og tryggja öryggi flugumferðar á framkvæmdatíma vegna foks fínefna af landmótunarsvæðum verður ráðist í mótvægisáðgerðir sem byggjast á fergingu efnis og vökvun til að hefta fokið. Að teknu tilliti til þessara mótvægisáðgerða eru áhrif framkvæmdar á loftgæði metin óveruleg. Fram kemur að hávaði verði frá umferð efnisflutningabifreiða og frá vinnutækjum við landmótun. Framkvæmdasvæðið sé hins vegar innan flugvallarsvæðis þar sem áhrifa flugumferðar gætir nánast allan sólarhringinn.

Skipulag og leyfisveitingar

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar, skv. 13. gr. skipulagslaga sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdasvæðið er skilgreint sem óbyggt svæði í Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2005-2025. Svæðið er innan flugvallargirðingar og hluti þess fellur innan A hluta öryggissvæðis flugbrauta 01/19 og 11/29 þar sem engin byggð er heimiluð. Jafnframt er svæðið innan hindrunarflata vegna flugumferðar þar sem gilda ákveðnar hæðartakmarkanir á mannvirki.

Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2013-2030 hefur verið samþykkt af skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar og Landhelgisgæslunni og bíður staðfestingar. Þar er framkvæmdasvæðið skilgreint sem flugvöllur og fellur að hluta til innan hindrunarflata flugbrauta.

Fyrirhuguð efnislosun á landmótunarsvæðum gengur ekki gegn takmörkunum á landnotkun sem gilda um öryggissvæði eða hindrunarfleti flugbrauta, hvort sem er í núgildandi eða samþykktu aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar.

Niðurstaða

Um er að ræða landmótun á um 48 ha landsvæði, skilgreint sem flugöryggissvæði, með jarðvegi sem fellur til vegna stækkunar flughlaðs á Keflavíkurflugvelli. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2.03 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif framkvæmdanna tengist einkum mögulegu foki fínefna frá landmótunarsvæðinu á framkvæmdatíma. Þær aðgerðir til mótvægis sem framkvæmdaraðili hefur kynnt eru til þess fallnar að draga úr þessum áhrifum. Ónæði eða hávaði verða vegna framkvæmda við efnisflutninga og landmótun en um er að ræða framkvæmdir innan flugvallarsvæðis þar sem hávaði frá flugumferð og þjónustuumferð er viðvarandi. Svæðið er að öðru leyti raskað og ber merki manngerðs umhverfis, þannig að neikvæð áhrif á náttúrufar er ekki um að ræða.

Skipulagsstofnun áréttar að á framkvæmdatíma verði tryggt að ítrustu öryggiskröfum verði fylgt vegna þungaflytinga innan flugvallarsvæðis. Þetta á sérstaklega við um umferð farartækja sem kunna að þvera flugbrautir og taxi-brautir innan flugvallarsvæðisins.



Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Isavia við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhugaðir flutningar á 140.000 m³ efnis til landmótunar á Keflavíkurflugvelli séu ekki líklegir til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 20. júní 2017.

Reykjavík, 12. maí 2017


Jakob Gunnarsson


Ómar Ingbórsson